

Efnahags- og viðskiptanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, 486. mál.**

Vísað er til töluvpósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, þann 25. janúar sl. Þar óskað var umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, 486. mál. Kauphöllinni var veittur frestur til dagsins í dag að skila inn umsögn sinni um málið.

Í 1. tl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna kemur fram að aflandskrónueigendum verði heimilt að taka út aflandskrónueignir (í formi innstæðna) af reikningum sem háðir eru sérstökum takmörkunum, eða innleysa innstæðubréf Seðlabankans, til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi eða alþjóðlegri verðbréfamiðstöð og flytja á reikning hjá erlendu fjármálafyrirtæki erlendis. Það skilyrði að erlendur gjaldeyrir sé afhentur erlendis til að tryggja að aflandskrónueigendur sem hafa í hyggju að fjárfesta hér á landi sitji við sama borð og aðrir fjárfestar með hliðsjón af reglum um bindingu reiðufjár er að mati Kauphallarinnar óþarft. Ekki er eðlilegt að jafna þessum fjárfestum við aðra erlenda fjárfesta sem mögulega kunna að huga að fjárfestingum á Íslandi enda eru þeir nú þegar með fjárfestingu sína hérlandis. Einnig hafa þessir fjárfestar sýnt að þeir hafa langtímasjónarmið í huga með fjárfestingum sínum hér á landi enda hafa þeir ekki nýtt sér endurtekin úrræði sem þeim hafa verið boðin til þess að losa sig við aflandskrónur. Það er því mat Kauphallarinnar að réttast væri að heimila þessum fjárfestum að ráðstafa aflandskrónum sínum án kvaða og að önnur meðhöndlun sé einungis til þess fallin að hækka fjármagnskostnað íslenskra fyrirtækja og ríkisins.

Kauphöllin telur frumvarpið til bóta eins langt og það nær en að mati Kauphallarinnar er nauðsynlegt að ganga lengra, sbr. framangreint. Bætingar á umgjörð bindingarskyldunnar eru góðra gjalda verðar og vert að setja í lög, sbr. drög að breytingum á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

Að lokum vill Kauphöllin koma því á framfæri að áframhaldandi innflæðishöft draga úr trúverðugleika Íslands og valda íslenskum fyrirtækjum í leit að fjármagni tjóni. Kauphöllin leggur því til að innflæðishöftin verði afnumin með öllu. Í ljósi efnahagsaðstæðna eru rök fyrir þeim með öllu brostin. Seðlabanki Íslands hefur lýst því að hið eðlilega ástand ætti að vera haftaleysi. Ef það er ekki tilfellið við núverandi ástand í hagkerfinu er erfitt að sjá að haftaleysi verði nokkurn tíma hið eðlilega ástand. Þá hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) ítrekað mælt með því að innflæðishöft á Íslandi verði afnumin. Í úttekt AGS frá október 2018 kemur skýrt fram að það séu engin rök fyrir höftunum í dag og ráðlagði AGS þá stjórnvöldum að afnema innflæðishöftin.



Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,

*Árnína S.K.*

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.

Fylgiskjal:

Skýrsla AGS:

<https://www.imf.org/en/Publications/CR/Issues/2018/11/14/Iceland-2018-Article-IV-Consultation-Press-Release-Staff-Report-Staff-Statement-and-46357>.